



Árskógarsskóli leik- og grunnskóli

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRöing

Velkomin á Kötlukot í Árskógarsskóla

Helstu upplýsingar sem foreldrar þurfa að vita við upphaf leikskólagöngu





Árskógarsskóli leik- og grunnskóli

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Kæru foreldrar

Starfsfólk býður ykkur og börnin ykkar velkomin til okkar í Árskógarsskóla og vonandi býður okkar góð og jákvæð samvinna. Kötlukot heitir leikskóladeildin en þar tökum við á móti börnum frá 9mán og þar til þau ljúka leikskólagöngu sinni. Einnig bjóðum við uppá skólavistun fyrir börn í 1.-4. bekk. Í þessu hefti er að finna ýmsar upplýsingar sem gott er að vita en þetta er ekki tæmandi listi og við erum alltaf tilbúin að svara spurningum ykkar.

Við hlökkum til að kynnst ykkur og börnunum ykkar og eiga skemmtilegt og uppbyggjandi samstarf við ykkur.

Hjördís Jóna

Starfsfólk Kötlukots

Skólastjóri: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson gunnthore@dalvikurbyggd.is

Deildarstjóri: Hjördís Jóna Bóasdóttir jona@dalvikurbyggd.is

Leikskólakennari: Anna Lauga Pálsdóttir annalauga@dalvikurbyggd.is

Leikskólakennari: Hanna Gerður Guðmundsd. hanna@dalvikurbyggd.is

Ásamt okkur vinnur fullt af góðu og færu starfsfólki við skólann sem kemur á einn eða annan hátt að vinnu með börnunum ykkar. Skólinn vinnur þvert á skólastig, við leysum hvort annað af og margt fleira og smá saman kynnst börnin öllum börnum skólans og öllu starfsfólki.

Beinn sími á Kötlukot er 460-4973

Aðalnúmer Árskógarsskóla er 460-4970

Beinn sími skólastjóra er 460-4971

Heimasíða skólans er <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



Umsóknir/uppsagnir

Til að sækja um leikskóladvöl er hægt að fara inn á heimasíðu Dalvíkurbyggðar (<http://www.dalvikurbyggd.is/Stofnanir-og-thjonusta/Eydublod-A-O/>) eða koma til okkar í Árskógarskóla og fylla út eyðublað. Hægt er að lesa sig frekar til um skráningar og innritunarreglur skólans inn á heimasíðunni okkar undir Kötlukot. Hvetjum við ykkur til að renna yfir þessa litlu lesningu þar sem einnig má sjá hverjir eiga rétt á afslætti og fleiri gagnlegar upplýsingar.

(<http://www.dalvikurbyggd.is/resources/Files/Innritunarreglur-leikskola-Dalvikurbyggdar.pdf>)

Uppsagnarfrestur er einn mánuður og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Sé þetta ekki gert þarf að greiða fyrir mánuðinn. Einu börnin sem eru undanskilin þessu eru þau börn sem hafa verið á Kötlukoti og byrja á grunnskólastigi í Árskógarskóla um haustið. Þau þurfa ekki að segja upp ef þau hætta þegar sumarlokun hefst.

Leikskólagjöld

Foreldrar fá sendan reikning með gjalddaga 5. hvers mánaðar og eindagann 20. hvers mánaðar. Leikskólagjöldin eru fyrirframgreidd. Hægt er að lesa sig meira til um þetta í skráningar og innritunarreglum (sjá link hér að ofan).

Opnunartími

Skólinn er opinn frá 07:45-16:00

Vistunartími barna er sveigjanlegur frá 4 tímum upp í 8,25 tíma vistun 5 daga vikunnar. Í upphafi dvalar skrifa foreldrar/forráðarmenn undir dvalarsamning þar sem tilgreindur er sá tími sem foreldrar vilja kaupa og ber að virða hann. Ef foreldrar virða ítrekað ekki umsaminn vistunartíma hefur fræðsluskrifstofa, að undangenginni aðvörun, heimild til að segja viðkomandi upp leikskólaplássi.



Veikindi

Ef börn skólans veikjast, taka sér frí eða verða heima af öðrum orsökum vinsamlegast látið okkur vita. Skólinn er ætlaður frískum börnum og skal barnið dvelja heima ef það er ekki nógu frískt til að taka þátt í daglegu starfi skólans. Fáir barnið smitsjúkdóma skal það dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Mikilvægt er að þegar barnið mætir aftur eftir veikindi að það sé orðið nægilega frískt til að taka þátt í öllu starfi skólans svo sem útiveru.

Æskilegt er að forráðarmenn hagi lyfjagjöf barna sinni þannig að skólinn þurfi ekki að bera ábyrgð á henni. Ef ekki er hjá því komist er það rætt sérstaklega við stjórnendur skólans.

Lokanir

Árskógarsskóli er lokaður alla almenna frídaga, helgidaga þjóðkirkjunnar og 4 vikur yfir sumartímann. Skólanum er einnig lokað vegna námskeiðs- og skipulagsdaga. Kötlukot hefur einnig fylgt grunnskólastigi og haft lokað í vetrarfríum og milli jóla og nýárs en vegna þessa fá foreldrar 3% afslátt af leikskólagjöldum. Allar þessar lokanir má sjá á skóladagatali skólans á heimasíðunni okkar

(<http://www.dalvikurbyggd.is/Arskogarskoli/Skoladagatal/>)

Ef skóla er aflýst vegna veðurs er sent út sms og settar upplýsingar á heimasíðu.

Þátttökuaðlögun

Þátttökuaðlögun byggir á því að í skólanum eru börn og starfsfólk að byggja upp þekkingu saman, skólinn er ekki staðgengill foreldra. Barnið er að læra að vera í nýjum aðstæðum, kynnast nýju fólki með aðlögunaraðila (foreldri) sínum. Þegar barn hefur öðlast öryggi og þekkir aðstæður fær það að spreyta sig á sínum forsendum. Þátttökuaðlögun byggir á fullri þátttöku aðlögunaraðila þá daga sem aðlögun stendur yfir.



Árskógarsskóli leik- og grunnskóli

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

- Aðlögun tekur 3-4 daga
- Mikilvægt er að sá einstaklingur sem kemur með barninu í aðlögun sé einhver sem er nákominn barninu og barnið ber fullt traust til.
- Aðlögunaraðilinn er með barninu sínu vistunartíma barnsins allan tímann.
- Aðlögunaraðilinn sér alfarið um barnið sitt þessa daga í hópastarfi, útiveru, matmálstíma, hvíld, ofl, kennarar eru áhorfendur.
- Aðlögunaraðili tekur þátt í öllu starfi skólans. Með þessu kynnist hann skólanum betur, börnunum og kennurum. Aðlögunaraðilinn fær einnig meiri innsýn í hvernig dagurinn gengur fyrir sig í skólanum.
- Aðlögunaraðila er boðið að borða í skólanum þeim að kostnaðarlausu meðan aðlögun stendur yfir.
- Fyrsta dag eftir aðlögun mælumst við til að barnið sé sótt í fyrra fallinu og mikilvægt er að geta alltaf náð í aðlögunaraðilann í síma.
- Aðlögunartímabilið er tilvalið til að fá upplýsingar og veita upplýsingar.

Ef aðstæður barna skólans breytast s.s. heimilisfang, símanúmer, hjúskapastaða og atvinna vinsamlegast látið okkur vita.

Foreldrasamvinna

Forsenda þess að barninu líði vel er að góð samvinna náist strax í byrjun milli forráðamanna barnsins og kennara og gagnkvæmur trúnaður ríki. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í skólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess.

Árskógarsskóli er opinn öllum og eru allir velkomnir að heimsækja skólann til að fylgjast með starfinu og taka þátt í leik og starfi.

Við hvetjum foreldra til að hringja í skólann til þess að spyrja um barnið ef þeir telja sig þurfa þess og eins munu kennarar hringja ef þörf krefur.

Mikilvægt er að málefni sem ekki er æskilegt að börn heyri fari fram bakvið luktur dyr.



Foreldrar eru hvattir til að hjálpa börnunum að færa myndina sína í mætingarhús í forstofu

Viðtöl

Þegar barn byrjar í Árskógarsskóla hefst dvölin á byrjunarviðtali við foreldra, þeim er sýndur skólinn og fá helstu upplýsingar.

Fastir viðtalsdagar eru 2 á ári. Öllum foreldrum er boðið í viðtal í október. Í þessu viðtali er farið yfir áhersluatriði kennarans fyrir barnið og foreldrar koma með sýnar óskir og væntingar fyrir veturinn. Seinna viðtalið er í maí en þá er farið yfir stöðu barnsins og hvernig veturinn gekk.

Ef forráðarmenn óska eftir auka viðtali er það að sjálfsögðu veitt og einnig geta kennarar kallað til viðtals utan hefðbundinna viðtalsdaga.

Upplýsingarflæði

- Heimasíða skólans er nýtt til að setja inn helstu viðburði, myndir ofl.
- Skóladagatal með helstu viðburðum, lokunum og fleira er gefið út fyrir hvert ár. Það er að finna á heimasíðu skólans.
- Rafrænt fréttabréf og viðburðardagatal er gefið út fyrir hvern mánuð og birt á heimasíðu skólans.
- Upplýsingartafla er á stigapalli fyrir framan Kötlukot.
- Námfús er notað til að halda utanum upplýsingar barnsins og senda tölvupóst, sms ofl.

Trúnaður

Allt starfsfólk skólans er bundið þagnarskyldu og helst hún þótt viðkomandi láti af störfum. Ætlast er til að foreldri geymi hjá sér upplýsingar sem það kann óhjákvæmilega að komast yfir.



Fatnaður

Í skólanum fer fram fjölbreytt starf úti sem inni og því nauðsynlegt að huga að viðeigandi klæðnaði barnsins. Börnin vinna auk þess með ýmsan efnivið s.s. málningu, leir, lím ofl og því þurfa „vinnuföt“ barnsins að þola eitt og annað. Klæðnaður þarf að vera í samræmi við veðurfar.

Upp á baðherberginu okkar eru körfur fyrir öll börnin þar sem þau geta geymt auka inniföt og enginn þarf að vera blautur eða kaldur. Starfsfólk reynir eftir bestu getu að láta vita ef það vantar föt í körfurnar en foreldrum er alltaf velkomið að kíkja inn á bað og yfirfara körfu barnsins síns. Blaut inniföt eru send heim í taupokum sem skila verður aftur hreinum í skólann.

Í forstofunni okkar hefur hvert barn sitt hólfi. Í hólfinu hanga útiföt barnsins. Gott er að geyma útifatnað í tösku á snaga, smærri hluti svo sem sokka, vettlinga, inniskó ofl má geyma í körfu. Einnig er ætlast til að auka skófatnaður hangi á snaga. Gæta þarf þess að passlegt magn sé af aukafötum, bæði inni- og útifatnaði og fatnaður hæfi árstíma. Fatnaður barnanna má hanga á snögunum í lok dags en mikilvægt er að forráðarmenn yfirfari hólfið og geri það aðgengilegt og snyrtilegt í lok dags og taki með sér öll blaut föt.

Dæmi um útifatnað sem gott er að hafa meðferðis fyrir barn á leikskólaaldri sem er allan daginn:

- Hlífðarföt (sumar)
- Pollaföt
- Snjógalli (vetur)
- Ullarpeysa/flíspeysa
- Ullarbuxur/flísbuxur
- 3 vettlingarpör
- 2 pör af ullarsokkum
- 2 húfur (buff á sumrin)
- Kragi (vetur)
- Fatnað í vagnin fyrir þau sem sofa úti.



Mikilvægt að hafa sem flest merkt svo það skili sér frekar heim ef það fer á flakk.

Krem, varnir, bleiur

Árskógarskóli útvegar ekki bleiur, krem, blautklúta eða annað slíkt. Foreldrar þurfa að koma með slíkt að heiman en við reynum að minna á í tíma þegar slíkt fer að vanta. Bleiur, blautklútar og krem á bleiusvæði eru geymd uppi á baðherbergi. Sólarvarnir og kuldakrem eru geymd í körfu barnsins í forstofunni.

Matmálstímar

Hægt er að kaupa þrjár máltíðir yfir daginn.

Morgunmatur hefst kl:7:45 og boðið er uppá hafragraut, cheerios, kornfleks og mjólk. Þau börn sem eiga að borða morgunmat þurfa að vera komin fyrir 8:20. Í kringum 9:30 er öllum börnum boðið uppá ávexti.

Heitur matur er kl:11:30 og hægt er að sjá matseðil inn á heimasíðu skólans.

Síðdegishressing er um kl:15 og þá er boðið uppá brauð og álegg.

Ef barn má af einhverjum orsökum ekki borða ákveðna fæðu vegna ópols/ofnæmis verða foreldrar að útvega læknisvottorð upp á það. Foreldrar þurfa að skila inn endurnýjuðu læknisvottorði á hverju hausti.

Stundatafla/dagskipulag

Hægt er að sjá dagskipulag skólans inn á heimasíðu hans undir Kötlu kot. Þetta er gróft skipulag sem við fléttum marga þætti inní. Skipulagið er byggt upp á þremur megin þáttum

1. Leik barnanna
2. Skipulögðu hópastarfi
3. Útivist og hreyfingu



Óhöpp/slys

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er haft samband við forráðamenn og heilsugæslu. Skólinn greiðir fyrir fyrstu heimsókn á heilsugæslustöð. Inn á heimasíðu skólans er hægt að lesa ýmsar áætlarnir sem tengjast þessu t.d. áfallaáætlun, skýr mörk ófrávíkjanlegar reglur ofl. <http://www.dalvikurbyggd.is/Arskogarskoli/Skolareglur-og-aaetlanir/>

Hagnýtar upplýsingar

- Afmæli barnanna. Þegar barn á afmæli býr það sér til kórónu, býður börnunum upp á ávexti og fær að setjast í afmælis hásæti.
- Ekki er leyfilegt að dreifa boðskortum í skólanum.
- Þegar eru upptökur sem börnin mega koma með eitthvað að heiman er það á ábyrgð foreldra og allt þarf að vera merkt.
- Það er skylda að koma með hjálm á hjóladögum ef börnin eiga að fá að hjóla.

Vonandi hefur þetta svarað flestum spurningum ykkar enn ef þær eru fleiri er starfsfólk Kötluks ákvallt tilbúið að svara spurningum ykkar hvenær sem er. Takk fyrir lesninguna

Starfsfólk Kötluks

Anna Lauga, Hanna Gerður, Hjördís Jóna

Uppfært ágúst 2016